

**M-22/2019. Álit 28. júní 2019.**

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 28. júní 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-22/2019.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 10. mars 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur bifreiðina haldna galla og krefst endurgreiðslu helmings kaupverðsins eða riftun kaupanna.

### **II**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beið þjónustukaupa um álit á ágreiningnum.

Í álitsbeiðni segir álitsbeiðandi að ágreiningur málsins varði bifreiðina XX-000, af gerðinni Ford F150, sem keypt var á um 450.000 krónur. Þá segir: „Bíllinn var skráður á bróður minn og svo móður mína. Ég hef umboð frá þeim báðum til að sinna þessu máli“. Eftir kaupin segir álitsbeiðandi hafa komið í ljós að bifreiðin var „grindarskökk“ og í raun ónýtt þar sem viðgerð muni kosta meira en virði bifreiðarinnar. Álitsbeiðandi kveðst hafa skoðað bifreiðina vel fyrir kaupin og skoðað sögu hennar en engin óhöpp voru skráð á bifreiðina. Síðar hafi fyrir tilviljun komið í ljós að fyrrum eigandi hafði keyrt bifreiðina út af vegi og brotið grind bifreiðarinnar. Álitsbeiðandi krefst þess að fá endurgreiddan helming af kaupverði bifreiðarinnar eða riftun kaupanna.

Hinn 13. mars 2019 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir frekari upplýsingum og gögnum svo unnt yrði að leysa úr málinu. Óskað var eftir afriti af kaupsamningi ef hann væri til staðar auk nánari upplýsinga um kaupin ásamt upplýsingum um bifreiðina, svo sem akstri bifreiðarinnar við kaupin, aldri og akstri frá kaupdegi. Álitsbeiðandi svaraði beiðni nefndarinnar með upplýsingum um fyrirkomulag sölunnar, sem fór fram í gegnum bland.is, auk þess sem nefndinni bárust umboð frá álitsbeiðanda. Þann 26. mars 2019 sendi kæruneftndin álitsbeiðanda bréf á ný og óskaði eftir viðbótargögnum og upplýsingum í málinu. Óskað var eftir upplýsingum um það hver skráður eigandi bifreiðarinnar væri auk staðfestingar á meintum galla í bifreiðinni sem álitsbeiðandi hafði sagt að hann gæti útvegað nefndinni. Þá var óskað eftir afriti af reikningum sem álitsbeiðandi vísar til um kostnað við viðgerð á bifreiðinni. Einnig var ítrekuð beiðni nefndarinnar um upplýsingar um akstur bifreiðarinnar á kaupdegi og aldur.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

*„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“*

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneofndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

## II

### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneofnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson